

Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa  
Heimir Snær Guðmundsson  
starfsmaður íbúaráða

Efni:

***Fyrirspurn íbúaráðs Kjalarness um starfsemi bókabílsins***

Við úthlutun fjárhagsramma á undanförunum árum hefur verið gerð krafa um 1% hagræðingu á laun hjá Borgarbókasafni og vísitölubætur á annan rekstrarkostnað hefur ekki verið bættur. 1% hagræðing jafngildir u.þ.b. einu stöðugildi hjá stofnun sem er að jafnaði með um 85 stöðugildi. Hagræðingu hefur á undanförunum árum verið mætt með aðhaldi í rekstri en einnig uppsögnum starfsfólks í einstaka tilfellum.. Í hagræðingu nú fyrir árið 2023 er gert ráð fyrir um 2% af ramma stofnunarinnar og miðað við verðbólgu á þessu ári er farið fram á viðbótarhagræðingu og metur borgarbókavörður þessa hagræðingarkröfu áum 40 milljónir króna á ársgrundvelli.

Rýnt hefur verið í alla þjónustubætti safnsins með það fyrir augun að ná inn hagræðingu fyrir árið 2023. Eitt af þeim verkefnum er niðurlagning á rekstri bókabílsins Höfðingja.

Borgarbókasafnið hefur rekið bókabíla frá árinu 1969, eða í rúma hálfu öld. Um tíma voru þeir tveir, Höfðingi og Stubbur og voru gríðarlega vinsælir og mikið notaðir. Núverandi Höfðingi var keyptur árið 2000 og er því orðinn 22 ára gamall. Verulega hefur dregið hefur úr notkun bílsins á undanförunum árum, eða eftir því sem söfnum hefur fjölgað og þau eflst. Heildarútlán úr bílnum hafa að jafnaði verið um 10 þúsund útlán á ári. Til samanburðar er mánaðarmeðaltal minnsta útibús safnsins um 72 þúsund útlán á ári og heildarútlán úr öllum söfnum Borgarbókasafns um 600 þúsund útlán. Hér er miðað við tölur frá 2019, þar sem covid19 setti mikið strik í reikninginn árin 2020 og 2021.

Bíllinn hefur að jafnaði verið á ferðinni 4 daga vikunnar, 10 mánuði ársins. Hann sinnir m.a. Kjalarnesi, sem er er eitt af hverfum borgarinnar þar sem ekki er starfrækt almenningsbókasafn. Borgarbókasafni gerði samning við Bókasafn Mosfellsbæjar árið 2000, þegar Kjalarnes sameinaðist Reykjavík, til að tryggja að íbúar Kjalarness geti nýtt sér bókasafn Mosfellsbæjar eigi þeir gilt skírteini í Reykjavík og er þessi samningur enn í gildi. Með niðurlagningu bókabílsins þurfa íbúar Kjalarness að sækja bókasafnsþjónustu til Mosfellsbæjar.

Þess má geta að árið 2018 voru 129 heimsóknir í bílinn allt árið á Kjalarnesi, 104 árið 2019 og 186 fyrir árið 2021. Inni í þessum tölum eru m.a. heimsóknir leikskólabarna í bílinn.

Núverandi bifreið hefur verið að bila nokkuð ört síðustu ár og rekstrarkostnaður hefur verið . að þyngjast með ári hverju. Nýr bíll kostar um 100 milljónir og hefur verið á óskalistanum í nokkur ár að endurnýja bílinn. Ekki hefur tekist að fá viðbótarfjármagn til að endurnýja bílinn og því leggur borgarbókavörður til við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2023 að hætta rekstri bókabílsins Höfðingja.

Næsta skref er að skoða með hvaða hætti megi koma til móts við íbúa Kjalarness til að tryggja þeim bókasafnsþjónustu í nærumhverfinu. Það verður verkefni ráðs og sviðs á komandi vikum.

Með kveðju,  
Pálína Magnúsdóttir,  
Borgarbókavörður